

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnandi, Tryggvi Magnússon, synjar þess með eiði á varnarþingi sínu innan aðfararfrests í máli þessu og eftir löglegan undirbúning, að hann hafi selt stefnda, Franz Andersen, málverkið Álfareiðina, þá skal stefnda skylt að skila stefnanda nefndu málverki. Enn fremur skal stefndi þá greiða stefnanda kr. 450.00 í málskostnað.

Verði stefnanda eiðfall, skal stefndi greiða honum kr. 1943.00 og kr. 250.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. marz 1946.

Nr. 161/1945. Valdstjórnin (Hrl. Guttormur Erlendsson)
gegn

Valdimar Ragnari Jónssyni

(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórð-
ar Eyjólfssonar.

Brot gegn lögum nr. 105/1936.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu um ljósmyndunarstarfsemi kærða, verður ekki talið, að II. kafli laga nr. 18/1927 með breytingum laga nr. 105/1936 taki yfir slíka starfsemi, sem verður að teljast til heimilisiðnaðar. Ber því að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður að leggja á rikissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Dómsorð:

Kærði, Valdimar Ragnar Jónsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin mál-flutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Garðars Þorsteinssonar, 150 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 24. nóvember 1945.

Ár 1945, laugardaginn 24. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af fulltrúa saka-dómara, Ragnari Jónssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3180/1945: Valdstjórnin gegn Valdimar Ragnari Jónssyni.

Málið er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn lögum nr. 105/1936 um breytingu á lögum um iðju og iðnað. Það var dómtekið hinn 6. s. m.

Kærður er Valdimar Ragnar Jónsson sýningarmaður, til heimilis á Ránargötu 7 hér í bæ.

Hann er talinn fæddur 28. febrúar 1922 á Eskafirði. Hann hefur ekki sætt ákæru né refsingu.

Með bréfi, dags. 24. marz 1944, kærði Ljósmyndarafélag Íslands yfir starfsemi kærða, er það taldi fara í bága við iðnlöggjöfina.

Kærði er að atvinnu sýningarmaður í Gamla bíó. Hann hóf að taka myndir eftir amerískum leikaramyndum og kopiera eftir þeim og seldi framleiðsluna í verzlun hér í bænum, sem síðan seldi myndirnar almenningi. Hann kveðst einungis hafa stundað þetta í fristundum sínum sem heimilisiðnað. Hann hefur ekki iðnréttindi. Þessa starfsemi rak hann einungis í hálfsmánaðar-tíma, með því að hann kvaðst þá hafa heyrt, að ljósmyndarar véfengdu rétt sinn til hennar, og hætti hann þess vegna, þar til úr því fengist skorið, hvort honum væri þessi starfsemi heimil. Eftir það kveðst hann þó hafa selt það af framleiðslu sinni, er hann átti óselt.

Það verður að telja, að kærði hafi með því að hefja þessa framleiðslu sett upp beina atvinnustarfsemi, enda þótt hann ræki hana í fristundum og á heimili sínu. Hefur kærði því gerzt sekur við 15. gr. 1. tölul. áðurgreindra laga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 100 kr. sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella í varðhaldi í 7 daga. Þá greiði kærði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Garðars Þorsteinssonar hrl., er ákveðast kr. 200.00.

Á málinu hefur orðið dráttur, og koma ástæður hans fram í prófum málsins.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Valdimar Ragnar Jónsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá birtingu dóms þessa, en afplánist ella í varðhaldi í 7 daga.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-varnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Garðars Þorsteinssonar hrl., kr. 200.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. marz 1946.

Nr. 110/1945. Réttvísun og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Sigurði Guðna Gíslasyni.

(Hrl. Einar Ásmundsson).

Ómerking máls og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Löggilding Kristins Ólafssonar, fulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er kveðið hefur upp héraðsdóm í máli þessu, útgefin af dómsmálaráðuneytinu 1. október 1943, tekur ekki til uppkvaðningar dóma í sakamálum. Brast fulltrúann því heimild til að leggja dóm á mál þetta. Af þessum sökum verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til uppsögu dóms af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakar þessarar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppsögu dóms af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækj-